

1992 nr. 55 2. júní**Lög um Viðlagatryggingu Íslands**

Tóku gildi 1. janúar 1993. Breytt með 1. 10/1995 (tóku gildi 1. mars 1995), 1. 35/1995 (tóku gildi 9. mars 1995), 1. 36/1995 (tóku gildi 9. mars 1995), 1. 84/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999), 1. 44/2003 (tóku gildi 3. apríl 2003), 1. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), bbl. 62/2008 (tóku gildi 11. júní 2008) og 1. 119/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

Hlutverk og stjórn.

■ 1. gr.

□ Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laga þessara.

□ Heimili hennar er í Reykjavík.

■ 2. gr.

□ Stjórn stofnunarinnar skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af Alþingi, einn valinn af þeim váttryggingafélögum sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. [10. gr.],¹⁾ en [ráðherra]²⁾ skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

¹⁾ L. 35/1995, 1. gr. ²⁾ L. 10/1995, 2. gr.

Ávöxtun fjár og ársreikningar.

■ 3. gr.

□ Stjórn stofnunarinnar skal annast vörslu og ávöxtun fjár eða bókhald hennar eða gera samkomulag við aðila á váttryggingarsviði um vörslu og ávöxtun fjár og/eða bókhald stofnunarinnar. Við ávöxtun skal stjórnin leitast við að tryggja verðgildi fjárisins og áhættudreifingu svo sem unnt er á hverjum tíma.

□ Ársreikningar skulu endurskoðaðir af tveimur skoðunarmonnum. Annar þeirra skal tilnefndur af ráðherra, en hinn valinn af stjórn stofnunarinnar. Skal hinn síðarnefndi vera löggiltur endurskoðandi. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar birtir árlega í Lögbirtingablaði.

Áhætta sem váttryggt er gegn.

■ 4. gr.

□ Viðlagatrygging Íslands skal váttryggja gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinnna náttúruhamfara: eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Í reglugerð¹⁾ skal skilgreint nánar hvað felist í 1. málsl.

¹⁾ Rg. 642/2017.

Eignir sem skylt er að váttryggja.

■ 5. gr.

□ Skylt er að váttryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá váttryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi. Váttryggingarskyldan nær einnig til lausafjár sem váttryggt er almennri samsettri váttryggingu er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík váttrygging undir eignatryggingar samkvæmt [22. gr. laga nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi].¹⁾ Sé brunatrygging á lausafé innifalin í aláhættutryggingu (all risks váttryggingu) eða sértryggingu, t.d. fiskeldistryggingu, skal lausaféð ekki viðlagatryggt, nema með sérstöku samþykki stjórnar stofnunarinnar.

□ Einnig er skylt að váttryggja neðangreind mannvirki þótt þau séu ekki brunatryggt:

1. Hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
2. Hafnarmannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
3. Brýr sem eru 50 m eða lengri.

4. Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, í eigu hins opinbera.

5. Síma- og fjarskiptamannvirki í eigu hins opinbera.

[6. Skíðalyftur.]²⁾

□ Váttryggja má eignir, sem nefndar eru í 2. mgr., annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands.

□ Ráðherra skal með reglugerð³⁾ kveða nánar á um váttryggingarskyldu eftir 2. mgr., þar á meðal skal tilgreina hvaða flokkar muna teljist til greindra mannvirkja.

¹⁾ L. 84/1998, 6. gr. ²⁾ L. 35/1995, 2. gr. ³⁾ Rg. 642/2017.

Eignir sem heimilt er að váttryggja.

■ 6. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 35/1995, 3. gr.

■ 7. gr.

□ Nú berst váttryggingafélagi beiðni um brunatryggingu á fasteign eða lausafé sem almennt er ekki venja að brunatryggja eða hætta á brunatjóni er mjög óveruleg og skal félagið þá leita samþykkis stofnunarinnar áður en viðlagaiðgjald er reiknað af váttryggingunni. Sé ákvæðis þessa ekki gætt telst hinn brunatryggði hlutur ekki viðlagatryggður.

■ 8. gr.

□ Mannvirki, sem reist er gegn banni yfirvalda eða andstætt ákvæðum í settum rétti þannig að ætla má að mannvirkinu sé af þeirri ástæðu hættara við skemmdum af náttúruhamförum en ella, er óheimilt að viðlagatryggja hvort sem það er brunatryggt eða ekki.

Váttryggingarfjárhæð.

■ 9. gr.

□ Váttryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

1. Allir munir, sem brunatryggðir eru, skulu viðlagatryggðir fyrir sömu fjárhæð og brunatryggingin nemur á hverjum tíma.

2. Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um ákvörðun váttryggingarfjárhæðar fyrir aðra muni, sbr. 2. mgr. 5. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 35/1995, 4. gr.

[Eigin áhætta váttryggðs.]¹⁾

¹⁾ L. 119/2008, 1. gr.

■ 10. gr.

□ [Eigin áhætta váttryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

1. Vegna lausafjár, sem váttryggt er skv. 1. mgr. 5. gr., 20.000 kr.

2. Vegna húseigna, sem váttryggðar eru skv. 1. mgr. 5. gr., 85.000 kr.

3. Vegna mannvirkja, sem váttryggð eru skv. 2. mgr. 5. gr., 850.000 kr.]¹⁾

¹⁾ L. 119/2008, 1. gr.

Iðgjöld.

■ 11. gr.

□ Árleg iðgjöld skal reikna sem hér segir:

1. Af munum, sem váttryggðir eru skv. 1. mgr. 5. gr., 0,25%.

2. [Af munum sem váttryggðir eru skv. 1.–5. tölul. 2. mgr. 5. gr., 0,20%^{0/00}.]¹⁾

3. [Af munum, sem váttryggðir eru skv. 6. tölul. 2. mgr. 5. gr., reiknast iðgjald eftir reglum sem stjórn stofnunarinnar setur.]¹⁾

□ Fari hrein eign niður fyrir 1%^{0/00} af áætluðum váttryggingarfjárhæðum í lok almanaksárs er stjórn stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld skv. 1. og 2. mgr. 5. gr. með 50% álagi þar til 2%^{0/00}-markinu er náð.

□ Vátryggingafélög þau, er brunatryggja muni sem vátryggðir eru hjá stofnuninni, sbr. 1. mgr. 5. gr., skulu innheimta iðgjöld til hennar ásamt brunatryggingariðgjöldum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga. Í reglugerð²⁾ skal kveðið á um bókhald og skil á iðgjöldum frá félögunum. Um aðgang stofnunarinnar að gögnum vátryggingafélaga fer eftir ákvæðum 24. gr.

□ Iðgjöld af viðlagatryggingu annarra muna, sbr. 2. mgr. 5. gr. . . .,¹⁾ skulu reiknuð út og innheimt á vegum stofnunarinnar.

□ Iðgjöld af viðlagatryggingum njóta lögtaksréttar. Þau njóta einnig lögveðréttar í vátryggðri eign. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu eignarinnar án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms til fullnustu iðgjalds sem er í vanskilum.

¹⁾ L. 35/1995, 6. gr. ²⁾ Rg. 642/2017.

Tilkynning um tjón.

■ 12. gr.

□ Þegar vátryggingaratburður hefur gerst skal vátryggður þegar í stað tilkynna það stofnuninni eða vátryggingafélagi því sem selt hefur honum vátrygginguna.

□ Vátryggingafélag, sem fær slíka tilkynningu, skal tafarlaust tilkynna stofnuninni um vátryggingaratburðinn. Þegar stofnunin fær vitneskju um tjón sem ætla má að viðlagatrygging taki til skali svo fljótt sem unnt er gera ráðstafanir til að fá úr því skorið hvort bæta skuli tjónið og eftir atvikum láta meta það.

Ráðstafanir til að afstýra tjóni.

■ 13. gr.

□ Hafi vátryggingaratburður borið að höndum tekur stofnunin afstöðu til þess hvort gera þurfi sérstakar ráðstafanir til björgunar vátryggðra muna eða til að hindra frekara tjón. Slíkar ráðstafanir skulu, svo sem kostur er, gerðar í samvinnu við almannavarnir.

□ Ákvæði 1. mgr. leysa vátryggðan ekki undan skyldum til að gera ráðstafanir til að varna tjóni eftir lögum um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarstaður.

■ 14. gr.

□ Sé vátryggður hlutur annars staðar en greint var er vátrygging á honum var tekin þegar vátryggingaratburður ber að höndum skal réttur til bóta fara eftir ákvæðum 83. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, eftir því sem við á. Ákvæði 83. gr. um 10.000 kr. hámark bóta skal þó ekki beita.

□ Reglur 1. mgr. eiga við án tillits til ákvæða í brunatryggingarsamningi um bætur fyrir skemmdir á munum sem eru utan vátryggingarstaðar.

Greiðsluskilyrði Viðlagatryggingar og afgangslögmála.

■ 15. gr.

□ Stjórn stofnunarinnar skal setja reglur um meðferð og afgreiðslu bótamála. Heimilt er stjórninni að fela vátryggingafélögum uppgjör bóta krafna.

□ Setja skal með reglugerð¹⁾ ákvæði um matsmenn og meginreglur um ákvörðun vátryggingabóta.

¹⁾ Rg. 642/2017.

■ 16. gr.

□ Heimilt er að lækka bætur eða synja alveg bóta kröfu:

1. Þegar hús eða annað mannvirki, sem skemmist, er reist á stað sem almennt var vitað fyrir fram að var hættulegur með tilliti til náttúruhamfara, t.d. ef mannvirki á sama stað hefur oftast en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni. Sama á við um lausafé sem geymt er í húsi eða öðru mannvirki við þær aðstæður sem hér greinir.

2. Þegar gerð eða viðhald húss eða annars vátryggðs hlutar er óforsvaranlegt eða andstætt fyrirmælum í settum rétti og ljóst er að tjón hefur hlotist af eða orðið viðtækara af þessum sökum.

■ 17. gr.

□ Vátryggingabætur skulu inntar af hendi svo fljótt sem unnt er, sbr. 1. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.

■ 18. gr.

□ Heildargreiðsluskilyrði Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers vátryggingaratburðar takmarkast við 7,5% af samantöldum vátryggingarfjárhæðum sem í gildi eru við upphaf vátryggingaratburðarins. Frá 1. janúar 1994 takmarkast greiðsluskilyrði við 10% af samantöldum vátryggingarfjárhæðum.

□ Nemi bætur vegna sama vátryggingaratburðar hærri fjárhæð en í 1. mgr. segir skal hlutur allra vátryggðra, sem tjón bíða, skerðast í sama hlutfalli.

■ 19. gr.

□ Svo fljótt sem auðið er skal stjórn stofnunarinnar taka afstöðu til ágreinings um greiðsluskilyrði sína og fjárhæð vátryggingabóta. Stjórn stofnunarinnar skal úrskurða um ágreiningsefni og vilji tjónþoli ekki setta sig við úrskurð stofnunarinnar getur hann, innan 30 daga frá því að honum barst tilkynning stjórnarinnar, skotið ágreiningnum til úrskurðarnefndar. Nefndin skal skipuð af ráðherra. Fjórir menn skulu eiga sæti í nefndinni. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar og skal hann vera formaður. Annar skal skipaður eftir tilnefningu Væðurstofu Íslands, hinn þriðji af Háskóla Íslands og hinn fjórði án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga ef ástæða þykir.

Endurtrygging og lántökuheimild.

■ 20. gr.

□ Heimilt er stofnuninni að endurtryggja áhættu sína innan lands eða erlendis.

□ Nú hrökkva eignir stofnunarinnar að viðbættu fé frá endurtryggjendum ekki til þess að greiða bætur samkvæmt lögum þessum og er stjórn stofnunarinnar þá heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til þess að geta fullnægt skuldbindingum stofnunarinnar. Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á slíkum lánunum.

Ýmis ákvæði.

■ 21. gr.

□ Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til rannsóknar og til að styrkja framkvæmdir sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni af völdum náttúruhamfara. [Enn fremur er stjórninni heimilt að veita styrki til fræðslu- og hjálfunarmála þeirra landssamtaka sem hafa samstarfssamning við [ríkis- lögreglustjóra]¹⁾ um skipun hjálparliðs.]²⁾ Árleg heildarfjárveiting í þessu skyni má þó ekki vera meiri en 5% af bókfærðum iðgjöldum síðasta árs.

¹⁾ L. 44/2003, 11. gr. ²⁾ L. 35/1995, 7. gr.

■ 22. gr.

□ Viðlagatrygging Íslands er undanþegin greiðslu tekjuskatts . . .,¹⁾ svo og útsvars og aðstöðugjalds. Eigi skal greiða stimpilgjald af skjölum stofnunarinnar.

¹⁾ L. 129/2004, 97. gr.

■ 23. gr.

□ Stjórnin semur við vátryggingafélög og aðra sem annast störf fyrir stofnunina samkvæmt lögum þessum.

□ Verði ágreiningur um þóknun váttryggingafélags skal leyst úr honum með gerðardómi þriggja manna. Hvor aðili tilnefnir einn mann í dóminn. Þessir gerðarmenn velja síðan oddamann sem verður formaður dómsins. Formaður skal fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls. Nú er gerðarmaður ekki tilnefndur innan 15 daga frá því að þess var krafist eða gerðarmenn koma sér ekki saman um oddamann og skal þá fara eftir lögum um samningsbundna gerðardóma. Ákvæðum þeirra laga skal og beita um önnur atriði eftir því sem við getur átt.

■ **24. gr.**

□ Viðlagatrygging Íslands getur krafist váttryggingafélög um hvers konar gögn og upplýsingar er varða störf þeirra fyrir stofnunina. Stofnunin á einnig rétt á að fá á venjulegum skrifstofutíma óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi félaganna og öðrum gögnum varðandi iðgjöld af viðlagatryggingu.

■ **25. gr.**

□ Ef eigi leiðir annað af lögum þessum skal beita reglum

laga um váttryggingarsamninga eftir því sem við getur átt.

■ **26. gr.**

□ [Ráðherra]¹⁾ skal að fengnum tillögum stjórnar Viðlagatryggingar Íslands setja reglugerð²⁾ með nánari ákvæðum um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 10/1995, 2. gr. ²⁾ Rg. 642/2017.

■ **27. gr.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993 . . .

[**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I. . .]¹⁾**

¹⁾ L. 35/1995, 8. gr.

■ **[II.**

□ Á árunum 1995–99 skal innheimta 10% álag á iðgjöld skv. 10. gr. Tekjur af þessu álagi á iðgjöld skulu renna í ofanflóðasjóð, sbr. 10. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Um innheimtu þessa gjalds fer skv. 10. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1995, 1. gr.